Ed. 621. Tillaga

til þingsályktunar um fasta tekjustofna handa sveitarsjóðum, sýslusjóðum og bæjarsjóðum.

Frá fjárhagsnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til íhugunar, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, ákvæðin um skattstofna sveitarsjóða, sýslusjóða og bæjarsjóða, og að því búnu leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um fasta tekjustofna handa sveitarsjóðum, sýslusjóðum og bæjarsjóðum.